



226. fundur Skólanefndar FS

17. mars 1998

Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúinn Þorvaldur Örn Árnason, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari og Oddný Harðardóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Ný skólastefna og endurskoðun á aðalnámskrá.
 2. Samstarf grunn- og framhaldsskóla á Suðurnesjum.
 3. Önnur mál.

1. Ný skólastefna og endurskoðun á aðalnámskrá.

Rætt um hugmyndir menntamálaráðuneytis um nýja skólastefnu og áhrif þeirra á skólann. Skólameistari varaði við því að vikið verði frá grunnskipulagi áfangakerfisins. Ákveðið að taka málið nánar fyrir á næsta fundi.

2. Samstarf grunn- og framhaldsskóla á Suðurnesjum.

Rætt um samstarf skólans og grunnskóla á Suðurnesjum, m.a. samstarf í einstökum kennslugreinum. Einnig rætt um kynningu á skólanum fyrir grunnskólanemendur.

3. Önnur mál.

- a) Skólasamningi við menntamálaráðuneyti dreift.
- b) Kennsla á haustönn hefst 24. ágúst. Upphaf kennslu verður auglýst á næstunni.

- c) Skólinn sótti um fjóra styrki úr þróunarsjóði framhaldsskóla fyrir næsta skólaár: til að þróa sjálfsmatskerfi, vegna námsmats, vegna fullorðinsfræðslu og til að hafa umsjón með Globe-verkefninu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari